

að fengnir eða að komnir, þá ákveður tilskipunin þó ekki, að húsbóndinn skuli sektaður, ef hann bregður útaf, nema hann sjálfur eigi hundinn, og fyrir því verður að dæma hinn kærða sýknan af ákærum hins opinbera í þessu máli, og virðist allur kostnaður af málinu, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra, eiga að greiðast af opinberum sjóði.

Rekstur málsins í hjeradi og flutningur þess fyrir yfirdómi hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Ingimundur Guðmundsson, á að vera sýkn af ákærum hins opinbera í þessu máli. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Jóhannesar Ólafssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors, greiðist úr opinberum sjóði.

Mánudaginn 21. aprilmán.

Nr. 13/1884

Gestur Pálsson  
 gegn  
 Jóni Ólafssyni.

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar 22. nóvbr. f. á., í máli, sem Gestur ritstjóri Pálsson hafði höfðað gegn ritstjóra Þjóðólfs, Jóni Ólafssyni, útaf ummælum í blaðinu Þjóðólfi, er Gestur þótti sóma sínum misboðið með,

var Jón Ólafsson dæmdur til að lúka 50 kr. sekt til landssjóðs, eða til einfalds fangelsis í 15 daga, væri sektin eigi greidd í ákveðinn tíma. Svo eru þessi ummæli dæmd dauð og ómerk og Jóni Ólafssyni gjört að greiða Gestu Pálssyni 15 kr. í málskostnað. Málinu var að nokkru leyti vísað frá dómi.

Þessum dómi hefur Gestur Pálsson skotið til yfir-dómsins og krafizt, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að Jón Ólafsson verði dæmdur til þess að greiða allan kostnað af málskotinu. — Á hinn bóginn hefur Jón Ólafsson, sem hefur gagnáfrýjað málinu, krafizt, að hann verði sýknaður af kröfum og kærum aðaláfrýjandans í þessu máli, en aðaláfrýjandinn dæmdur til að greiða málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi með einhverju hæfilegu eptir rjettarins mati.

Í 30. tölublaði „Þjóðólfs“ 35. árgangi, er út kom 30. júlí f. á., lýsti gagnáfrýjandinn því yfir, að aðaláfrýjandinn væri ósannindamaður að nokkrum þar til greindum orðum, er staðið höfðu í blaðinu „Suðra“. — en aðaláfrýjandinn er ritstjóri þess. — Þessa yfirlýsing endurtók gagnáfrýjandi í 32. tölublaði „Þjóðólfs“.

Það er nú vitaskuld, að það, að nefna einhvern „ósannindamann“, er meiðandi fyrir þann, sem fyrir því verður, og saknæmt, nema sakir sjeu til. En gagnáfrýjandi telur það hafa verið ósaknæmt fyrir sig, eins og á stóð, að nefna aðaláfrýjandann ósannindamann, því aðaláfrýjandinn hafi sagt það ósatt, er hann hermdi upp á sig í blaðinu „Suðra“, og að hann sje ósannindamaður að svo miklu leyti, en sjer hafi ekki



komið til hugar að nefna hann því nafni almennt talað.

Yfirdóminum virðist nú samt, að yfirlýsing gagnáfrýjanda í 32. tölublaði, 35. árgangi „Þjóðólfs“, bæði í sjálfu sjer sem endurtekning, og eins og hún er skoðuð í sambandi við yfirlýsinguna í 34. og 35. tölublaði Þjóðólfs, hljóti að álitast meiðandi fyrir aðaláfrýjanda, og virðist því rjett hafa verið að dæma hann eptir 219. gr. hegningarlaganna til sektar til landssjóðs, er þykir hæfilega ákveðin af undirdómaranum 50 kr., eða til einfalds fangelsis í 15 daga, væri sektinni eigi lokið í ákveðinn tíma. Svo fellst yfirdómurinn einnig á ákvæði undirdómarans um ómerking hinnar átöldu yfirlýsingar og um málskostnað. Ber því að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrjettarins í þessu máli á óraskaður að standa.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum. —

Nr. 15/1884

Rjettvísun

gegn

Edílon Stefánssyni.

D ó m u r :

Með eigin játningu hins kærða, Edílons Stefánssonar, vinnumanns á Öngulstöðum í Eyjafjardarsýslu,